

Nefndasvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Dags. / Date:

21.02.03

Tilvísun / Reference:

03-0074
000.21

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980
um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 11. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér talsverðar breytingar á og viðbætur við núgildandi lög nr. 46/1980. Með þessum breytingum er m.a. verið að lögfesta ákvæði svonefndrar rammtilskipunar ESB um vinnuvernd nr. 391/89 en mjög brýnt er að svo verði gert hið fyrsta svo framkvæmd vinnuverndarmála verði í grundvallaratriðum með sama hætti hér á landi og annars staðar á EES svæðinu. Í frumvarpinu er ennfremur að finna ákvæði til lögfestingar á fleiri ákvæðum tilskipana ESB á sviði vinnuverndar sem ekki er talin nægileg lagastoð fyrir í dag, eins og fram kemur í greinargerðinni sem því fylgir. Viðamest eru ákvæðin um vinnutíma.

Í frumvarpinu er að finna ýmis ákvæði sem ætlað er að bæta framkvæmd þessara mála og gera hana skilvirkari. Má þar t.d. nefna ákvæði um framkvæmd markaðseftirlits, beitingu dagsekta o.fl. Ákvæði þessi eru til bóta, en þó eru gerðar fáeinar tillögur um breytingar síðar í umsögn þessari

Í þeim hluta frumvarpsins sem snýr að stjórnsýslubreytingum er meginefnið það að heimildir stjórnar Vinnueftirlitsins til að setja reglur eru felldar niður. Í stað þess er gert ráð fyrir að ráðherra setji allar reglur sem setja þarf, en stjórnin verði umsagnaraðili.

Núverandi fyrirkomulag er vissulega allóvenjulegt, en það var ákveðið á sinum tíma með það að markmiði að leiða aðila vinnumarkaðrins saman til ábyrgðar samvinnu um þessi mál og draga úr pólitískri stýringu á málaflokknum. Þetta fyrirkomulag hefur í öllum meginatriðum reynst vel að mati undirritaðs og því orki tvímælis að hverfa frá því með þessum hætti.

Stjórn Vinnueftirlitsins hefur sett tugi reglna með aðstoð sérfræðinga stofnunarinnar og annarra sérfróðra aðila. M.a. sá hún um innleiðingu allra þeirra gerða á sviði vinnuverndar sem fylgdu EES samningnum. Stjórnin hefur lagt mikla vinnu í þetta verk. Undirnefndir hafa starfað að málum og fjölmargir sérfróðir aðilar á vegum samtaka á vinnumarkaði komið að málum. Málamiðlanir hafa náðst í öllum tilvikum og reglur því ávallt verið afgreiddar samhljóða í stjórninni. Segja má að með

VINNUEFTIRLITIÐ

núverandi fyrirkomulagi hafi tekist að koma á regluverki vinnuverndamála í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Reglur sem stjórnin samþykkir fara til ráðherra til staðfestingar og birtingar og þannig hefur ráðuneytið eftirlit með því að lögformlega sé rétt að verki staðið.

Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins komi áfram að setningu reglna með ábyrgum hætti, leggi til þess verks sérfræðipækkingu og reynslu af raunverulegum aðstæðum úti á vinnustöðunum og gegni lykilhlutverki við að ná fram málamiðlunum. Hætt er við að sú aðkoma sem stjórnin hefur að þessu verki samkvæmt frumvarpinu verði of veik til að ofangreint markmið náist og því er lagt til að upp verði tekið það fyrirkomulag að ráðherra setji reglur að fengnum tillögum stjórnarinnar og þeim fjölmörgu greinum sem kveða á um setningu reglna breytt til samræmis við það.

Í lokamálgrein 40. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra geti falið öðrum aðilum framkvæmd eftirlits, en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar geti tekið slíkar ákvarðanir. Ekki er nauðsynlegt að breyta þessu að mati undirritaðs, en til þess að undirstrika að ráðherra hafi úrskurðarvald í slíkum málum er lagt til að ákvæðið verði með neðangreindum hætti: “Forstjóri Vinnueftirlitsins getur ákveðið að tiltekin eftirlitsverkefni stofnunarinnar verði falin annarri opinberri stofnum, faggiltri skoðunarstofu eða öðrum til þess bærum aðila. Ágreiningu um slíkan tilflutning má skjóta til úrskurðar félagsmálaráðherra.”

Lagt er til að breyting verði á 17. gr. frumvarpsins þannig að hún hljóði svo “51. gr. laganna orðast svo: Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja, sem nota eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni vegna starfa viðkomandi að uppfylltum skilyrðum sem sett eru skv. 3. mgr.” Felld yrðu út orðin „að staðaldri”. Eðlilegt er að eiturefnaleyfi þurfi til notkunar þeirra efna sem um ræðir þó að viðkomandi noti efnin sjaldan og jafnvel aðeins einu sinni.

Í 19 gr. er lagt til að undanþága verði gerð varðandi vinnutíma lækna. Vinnueftirlitið telur að um þessa stétt eigi að gilda sömu reglur og aðrar.

Í upphafi 36 gr. er fjallað um skráningu slysa sem valda andláti og fjarveru frá vinnu. Lagt er til að upphaf greinarinnar orðist þannig: “Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað a vinnustaðnum og leiða til andláts, eru líkleg til að valda varanlegu heilsutjórmi eða leiða til óvinnufærni “

Lagt er til að við 1.mgr. 38 gr. á eftir orðunum “án ástæðulauss dráttar “ bætist við “og eigi síðar en innan sólarhrings”. Þetta yrði til samræmis við núgildandi ákvæði sem reynst hefur vel og afmarkar tímann frá slysi til tilkynningar með skýrum hætti.

Hámarksupphæð dagsekta í 2. mgr. 42. gr. er of lág miðað við umfang þeirrar starfsemi sem eftirlit beinist að og þá hagsmuni sem í húfi eru. Lagt er til að hún verði hækkuð vernlega.

Virðingarfyllst,


Eyjólfur Sæmundsson